

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B92-95

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 1684.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

**B 92-95**

**Nr. 649-663**

**2004**

## Efnisyfirlit B 92–95 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
649	26. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.....	1617
650	29. júlí	Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum .....	1618
651	3. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.....	1619-1620
652	21. júlí	Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga .....	1621-1631
653	20. júlí	Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.....	1631-1635
654	28. júlí	Gjaldskrá fyrir Stykkishólsmhöfn .....	1636-1640
655	23. júlí	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði.....	1640
656	22. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri .....	1641
657	28. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði.....	1641-1642
658	23. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.....	1642-1643
659	10. ágúst	Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg .....	1643
660	3. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri .....	1643
661	20. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.....	1644-1731
662	5. ágúst	Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi 5 frístundahúsa auk annarra húsa s.s. íbúðarhúss, gistiheimilis og vélageymslu, að Lambafelli, Austur-Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra .....	1731
663	5. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Mosfellsbæ.....	1732

# STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 2004

26. júlí 2004

1617

Nr. 649

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Heiðargerði 65.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 30. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Heiðargerði 65.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Borgartún 17 – 21.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 17 – 21, sameining lóða. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.170.1 og 2, Bankastræti 4/Skólastræti 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 17. mars 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.170.1 og 2 vegna lóðanna Bankastræti 4/Skólastræti 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 26. júlí 2004.*

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar,

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**



## REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum.**

1. gr.

Gildistöku reglugerðar nr. 304/2004 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum, sem taka átti gildi 1. maí 2004, en var frestað með reglugerð nr. 366/2004 um (5.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum til 1. ágúst 2004, er hér með frestað til 1. september 2004.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. júlí 2004.*

F. h. r.

**Davíð Á. Gunnarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 2004

3. ágúst 2004

1619

Nr. 651

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Öskjuhlíð – Leynimýri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. maí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíð – duftgarð Leynimýri.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Klettasvæði.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Klettasvæði, Klettagarðar 15-27 og Köllunarklettsvegur 6-10. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Norður Mjódd, Staldrið.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður Mjódd, Stekkjarbakka 2, Staldrið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ártúnshöfði eystri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða eystri, Stórhöfða 44, 45 og 46.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kringlumýrarbraut 100.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kringlumýrarbraut 100, lóð bensínstöðvar Essó.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. ágúst 2004.*

**Helga Bragadóttir**, skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til barnaverndarúrræða á ábyrgð sveitarfélaga.

Úrræðin eru:

- A. Almenn stuðningsúrræði.
- B. Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.
- C. Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi.
- D. Stuðningsfjölskylda.
- E. Heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndarnefnda.

#### II. KAFLI

##### Almenn atriði.

##### 2. gr.

*Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem barnaverndarnefndin ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

##### 3. gr.

*Um úrræði barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd skal hafa tiltæk stuðningsúrræði skv. 24. gr. barnaverndarlaga og úrræði skv. XIV. kafla laganna ef nauðsynlegt reynist að vista barn utan heimilis.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndarnefndum eða fela að veita þjónustu samkvæmt þessari reglugerð aðila sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, þegar brot aðila hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

##### 4. gr.

*Áætlun.*

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga eða eftir atvikum áætlun um umsjá barns skv. 33. gr. laganna. Um gerð og endurskoðun áætlna gildir jafnframt reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

## 5. gr.

*Samningur um stuðning eða beitingu úrræðis.*

Barnaverndarnefnd skal gera skriflegan samning við hvern þann sem tekur að sér að veita þjónustu skv. 24. gr. og XIV. kafla barnaverndarlaga.

Í hverjum samningi skal tilgreina meðal annars:

- a. nafn þjónustuþega,
- b. skilgreiningu og markmið með úrræði,
- c. tíma sem úrræði er ætlað að vara, starfshlutfall og vinnuskyldu eftir því sem við á,
- d. stuðning við barn og þann sem tekur að sér að veita þjónustu meðan úrræði varir,
- e. samráðsfundi,
- f. skýrslugerð, skráningu, varðveislu og skil persónuupplýsinga eftir því sem við á,
- g. umgengni barns við foreldra og aðra nákomna þegar það á við,
- h. greiðslur,
- i. þagnarskyldu og
- j. uppsagnar- og endurskoðunarákvæði.

## 6. gr.

*Skyldur þess sem veitir þjónustu.*

Sá sem tekur að sér að veita þjónustu skal haga störfum sínum í fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barns og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði hvers og eins barns.

Aldrei má beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum.

## 7. gr.

*Upplýsingar um barn.*

Sá sem tekur að sér að veita þjónustu á rétt á að fá þær upplýsingar um barn og fjölskyldu sem nauðsynlegar eru til að gera viðkomandi kleift að sinna hlutverki sínu.

Viðkomandi skal gæta fyllsta trúnaðar um hagi barns, foreldra og annarra sem hann kann að fá upplýsingar um. Þagnarskylda helst eftir að starfi er lokið.

## 8. gr.

*Eftirlit.*

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með því að sá sem fengið hefur leyfi eða ráðinn hefur verið til að veita stuðning eða sjá um úrræði á vegum nefndarinnar uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði sem sett eru.

Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á tiltekinni ráðstöfun eða þjónustu ber að fylgjast með því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, meðal annars með heimsóknnum, með því að fá reglubundnar skýrslur og með því að ræða við barnið.

## 9. gr.

*Réttindi barns.*

Þegar barn er vistað utan heimilis gilda ákvæði 80. gr. barnaverndarlaga um undirbúning og framkvæmd vistunar, 81. gr. um rétt barns til umgengni við kynforeldra og aðra nákomna og 82. gr. um réttindi barna og beitingu þvingunar, eftir því sem við á.

## III. KAFLI

**Almenn stuðningsúrræði.**

## 10. gr.

*Úrræði með samþykki foreldra.*

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. barnaverndarlaga skal barnaverndarnefnd með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð meðal annars með því að:

- A. Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Hér er átt við almenna sálfræðilega, uppeldislega eða félagslega ráðgjöf af hendi starfsmanna barnaverndarnefndar eða einhvers sem nefndin felur þetta verkefni.
- B. Stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni fatlaðra, heilbrigðisþjónustu, leikskóla og lögum um grunnskóla. Barnaverndarnefnd skal leitast við að upplýsa foreldra og barn eftir atvikum um rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum er gæti auðveldað þeim að ná tókum á vanda sínum.
- C. Útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð. Er meðal annars átt við að útvega barni sumardvöl skv. IV. kafla reglugerðarinnar. Einnig fellur hér undir að sjá til þess að barn fái meðferðarviðtöl, til dæmis sálfræðimeðferð, vegna ofbeldis eða annarra vandamála.
- D. Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu skv. V. eða VI. kafla reglugerðarinnar.
- E. Aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarnefnd ber að beita öðrum úrræðum ef könnun leiðir í ljós að annars konar þjónusta mæti betur þörfum og hagsmunum barns og fjölskyldu.

## IV. KAFLI

**Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.**

## 11. gr.

*Skilgreining.*

Með sumardvöl á vegum barnaverndarnefndar er átt við dvöl á einkaheimili í allt að þrjú mánuði yfir sumartíma sem stuðning skv. c-lið 24. gr. og 86. gr. barnaverndarlaga. Sumardvöl er að jafnaði ekki ætluð börnum yngri en sex ára.

## 12. gr.

*Umsóknir.*

Þeir sem óska eftir að taka barn í sumardvöl skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Í umsókninni skal koma fram:

- a. nafn/nöfn umsækjanda og kennitala,
- b. heimilisfang umsækjanda,
- c. nöfn annarra heimilismanna,
- d. upplýsingar um aðra starfsemi á heimili svo sem gistiþjónustu eða atvinnurekstur,
- e. upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni fyrir barnaverndarnefndir,
- f. aldur og fjöldi barna sem óskað er eftir að taka til dvalar, og
- g. tímabil það sem óskað er að börn dvelji á heimilinu.

## 13. gr.

*Vottorð, umsagnir og önnur gögn.*

Umsókn skal fylgja:

- a. hjúskapar-/sambúðarvottorð ef við á,
- b. heilbrigðisvottorð allra heimilismanna,
- c. samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri,
- d. yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum, og
- e. stutt lýsing umsækjanda á markmiðum starfsins, hvernig umönnun barnanna verði háttáð, aðstöðu til leikja, útiveru og annarra tómstundastarfa.

## 14. gr.

*Skilyrði leyfisveitingar.*

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi. Ef um hjón og sambýlisfólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.

Umsækjandi skal sækja viðurkennt námskeið í skyndihjálpslysum á börnum. Standi námskeið umsækjanda ekki til boða er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi þar til hann hefur átt þess kost að ljúka námskeiði.

## 15. gr.

*Fjöldi barna og lengd dvalar.*

Að jafnaði skal ekki veita leyfi til að taka fleiri en fjögur börn í einu til dvalar, en aldrei fleiri en sex börn, þar með talin önnur börn sem dvelja á heimilinu yngri en 16 ára.

Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma en þriggja mánaða dvalar.

## 16. gr.

*Afgreiðsla umsóknar.*

Barnaverndarnefnd er heimilt að leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisfulltrúa og eldvarnareftirliti, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal fulltrúi nefndarinnar fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Barnaverndarnefnd skal kynna umsækjanda greinargerð og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal nefndin afgreiða umsóknina með bókun.

Í leyfisbréfi skal koma fram fjöldi barna, hve lengi dvöl megi vara og gildistími leyfisins.

## 17. gr.

*Gildistími.*

Við fyrstu umsókn skal aldrei veita leyfi til lengri tíma en eins árs.

Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi er heimilt að veita það til þriggja ára í senn. Við afgreiðslu á endurnýjuðu leyfi metur barnaverndarnefnd hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var síðast veitt. Auk þess skal fulltrúi barnaverndarnefndar fara á heimilið.

Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma en þriggja mánaða og/eða binda leyfið við tiltekna mánuði yfir sumartímann.

## 18. gr.

*Tilkynning til Barnaverndarstofu.*

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um öll heimili sem fá leyfi til að taka börn í sumardvöl á vegum nefndarinnar.

## 19. gr.

*Ráðstöfun barns í sumardvöl.*

Barnaverndarnefnd sem vill ráðstafa barni í sumardvöl ber að ganga úr skugga um að viðkomandi heimili hafi leyfi barnaverndarnefndar í umdæminu.

Áður en barn fer í sumardvöl gerir barnaverndarnefnd samning við leyfishafa um dvöl barnsins skv. 5. gr. reglugerðarinnar.

## 20. gr.

*Eftirlit barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns er skylt að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barnsins og heimsækja barnið eins oft og þurfa þykir, að jafnaði einu sinni meðan á dvöl barns stendur.

Barnaverndarnefnd þar sem leyfishafi býr er skylt að fylgjast með því að leyfishafi uppfylli hverju sinni almenn skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Barnaverndarnefndirnar skulu tilkynna hvor annarri ef í ljós kemur að umönnun og aðbúnaður barns á heimili er óviðunandi eða aðstæður á heimilinu hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt. Barnaverndarnefnd þar sem leyfishafi býr getur leitast við að fá úr því bætt með leiðbeiningum og áminningum eða svipt leyfishafa leyfi komi annað ekki að haldi að mati nefndarinnar. Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barnsins, svo sem að rifta samningi um vistun.

## 21. gr.

*Málskot.*

Ákvörðunum barnaverndarnefndar um leyfisveitingu og leyfissviptingu er unnt að skjóta til kærnefndar barnaverndarmála.

## V. KAFLI

**Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi.**

## 22. gr.

*Tilsjónarmaður.*

Með tilsjónarmanni er átt við einstakling sem fenginn er á vegum barnaverndarnefndar fyrst og fremst til að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag og þörfum barns skv. d-lið 24. gr. barnaverndarlaga.

## 23. gr.

*Persónulegur ráðgjafi.*

Með persónulegum ráðgjafa er átt við einstakling sem fenginn er á vegum barnaverndarnefndar fyrst og fremst til að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega og tilfinningalega svo sem í sambandi við tómsundur, menntun og vinnu skv. d-lið 24. gr. barnaverndarlaga.

Samband persónulegs ráðgjafa og barns byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd.



## 24. gr.

*Ráðning.*

Þeir sem óska eftir að gerast tilsjónarmenn eða persónulegir ráðgjafar sækja um til þeirrar barnaverndarnefndar sem þeir vilja vinna fyrir. Umsókn skal fylgja:

- a. heilbrigðisvottorð,
- b. samþykki umsækjanda fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, og
- c. yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum.

Við ráðningu tilsjónarmanns eða persónulegs ráðgjafa skal barnaverndarnefnd leitast við að ráða þá sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfni til að mæta þörfum barns og foreldra hverju sinni.

## 25. gr.

*Réttindi og skyldur tilsjónarmanna og persónulegra ráðgjafa.*

Barnaverndarnefnd gerir samning um stuðning skv. 5. gr. reglugerðarinnar í hvert sinn sem ráðinn er tilsjónarmaður eða persónulegur ráðgjafi til að vinna með tilteknu barni eða fjölskyldu.

Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi starfa undir stjórn barnaverndarnefndar og eiga rétt á handleiðslu. Ber þeim að veita barnaverndarnefnd allar nauðsynlegar upplýsingar um líðan og umönnun barna og atvik máls að öðru leyti og ber að fara eftir þeim fyrirmælum sem barnaverndarnefnd setur varðandi samvinnu við barn, foreldra og aðra.

## VI. KAFLI

**Stuðningsfjölskylda.**

## 26. gr.

*Hlutverk stuðningsfjölskyldu.*

Með stuðningsfjölskyldu er átt við aðila sem fenginn er á vegum barnaverndarnefndar fyrst og fremst til að taka á móti barni, eða í sumum tilvikum barni og foreldrum, á einkaheimili í því skyni meðal annars að tryggja öryggi barnsins, léttu álagi af barni og fjölskyldu þess og leiðbeina foreldrum og styðja þá í uppeldishlutverkinu skv. d-lið 24. gr. og 85. gr. barnaverndarlaga.

Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer um það úrræði skv. VII. kafla þessarar reglugerðar eða ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur eftir því sem við á.

## 27. gr.

*Umsóknir, vottorð og önnur gögn.*

Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Umsókn skal fylgja:

- a. heilbrigðisvottorð umsækjanda,
- b. samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri,
- c. yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum, og
- d. upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni fyrir barnaverndarnefndir.

## 28. gr.

*Skilyrði leyfisveitingar.*

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi. Ef um hjón og sambýlisfólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.

## 29. gr.

*Fjöldi barna.*

Að jafnaði skal ekki veita leyfi til að taka fleiri en tvö börn samtímis inn á heimili.

## 30. gr.

*Afgreiðsla umsóknar.*

Barnaverndarnefnd er heimilt að leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisfulltrúa og eldvarnareftirliti, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal fulltrúi nefndarinnar fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Barnaverndarnefnd skal kynna umsækjanda greinargerð og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal nefndin afgreiða umsóknina með bókun.

## 31. gr.

*Gildistími.*

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn.

Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi metur barnaverndarnefnd hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en þrjú ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar auk þess sem fulltrúi barnaverndarnefndar skal þá fara á heimilið.

## 32. gr.

*Ráðstöfun barns til stuðningsfjölskyldu.*

Barnaverndarnefnd sem vill útvega barni stuðningsfjölskyldu ber að ganga úr skugga um að viðkomandi heimili hafi leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

Áður en barn fer til stuðningsfjölskyldu gerir barnaverndarnefnd samning við stuðningsfjölskyldu um vistun barnsins skv. 5. gr. reglugerðarinnar.

## 33. gr.

*Eftirlit barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns er skylt að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barnsins og því að vistun nái markmiði sínu.

Barnaverndarnefnd þar sem leyfishafi býr er skylt að fylgjast með því að leyfishafi uppfylli hverju sinni almenn skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Barnaverndarnefndirnar skulu tilkynna hvor annarri ef í ljós kemur að umönnun og aðbúnaður barns á heimili er óviðunandi eða aðstæður á heimilinu hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt. Barnaverndarnefnd þar sem leyfishafi býr getur leitast við að fá úr því bætt með leiðbeiningum og áminningum eða svipt leyfishafa leyfi komi annað ekki að haldi að mati nefndarinnar. Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barnsins, svo sem að rifta samningi um vistun.

34. gr.

*Málskot.*

Ákvörðunum barnaverndarnefndar um leyfisveitingu og leyfissviptingu er unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

## VII. KAFLI

**Heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndarnefnda.**

35. gr.

*Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk**skv. 84. gr. barnaverndarlaga.*

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt til að:

- a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, og
- b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

36. gr.

*Skilgreiningar.*

Með *heimili/stofnun* er í kafla þessum hér eftir átt við úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga sem barnaverndarnefnd vill setja á laggirnar með viðvarandi skipulögðum hætti og ráða starfsmenn til að veita börnum móttöku, svo sem vistheimili og sambýli. Barnaverndarnefnd getur falið öðrum rekstur heimilis/stofnunar á grundvelli þjónustusamnings.

Með *öðru úrræði* er í kafla þessum hér eftir átt við öll önnur úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga, svo sem þegar barnaverndarnefnd vill fela *vistforeldri* að veita barni móttöku á einkaheimili jafnt þegar um er að ræða nákomna ættingja eða aðra. Heimilt er að vista barn í slíku úrræði að jafnaði í allt að þrjá mánuði. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur.

37. gr.

*Umsókn um leyfi til að reka heimili/stofnun.*

Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að setja á stofn heimili/stofnun skal sækja um leyfi Barnaverndarstofu eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast. Í umsókninni skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- a. staðsetning heimilis/stofnunar og markmið með rekstrinum,
- b. lýsing á verksviði og ábyrgð forstöðumanns/rekstraraðila,
- c. áætlaður fjöldi, menntun, reynsla og verkaskipting annars starfsfólks,
- d. tímabil sem heimili/stofnun er ætlað að starfa, og
- e. aldur dvalarbarna, fjöldi þeirra og dvalartími í senn.

38. gr.

*Gögn með umsókn um leyfi til að reka heimili/stofnun.*

Umsókn skal fylgja:

- a. starfsleyfi heilbrigðisnefndar,
- b. úttekt eldvarnareftirlits og vottun um að brunavarnir séu fullnægjandi, og
- c. leyfi byggingarnefndar ef um nýtt húsnæði eða breytta notkun er að ræða.

Ef heimili/stofnun er í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi heimili/stofnun verði sett á laggirnar.

## 39. gr.

*Umsókn um leyfi til að reka annað úrræði.*

Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að setja á stofn annað úrræði skal sækja um leyfi Barnaverndarstofu. Í umsókninni skal koma fram eftir því sem við á:

- a. nafn, kennitala og heimilisfang vistforeldris,
- b. nöfn annarra heimilismanna,
- c. upplýsingar um aðra starfsemi á heimili, svo sem gistiþjónustu eða atvinnurekstur,
- d. upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni vistforeldra fyrir barnaverndarnefndir,
- e. tímabil, aldur og fjöldi barna sem óskað er að dvelji á heimilinu, og
- f. markmið með starfinu.

## 40. gr.

*Gögn með umsókn um leyfi til að reka annað úrræði.*

Umsókn skal fylgja:

- a. heilbrigðisvottorð væntanlegra vistforeldra,
- b. samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að Barnaverndarstofa afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, og
- c. stutt lýsing á aðstæðum vistforeldra, menntun, reynslu og hvernig umönnun barns verði háttáð.

Ef vistforeldri er búsett í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi leyfi verði gefið út.

## 41. gr.

*Leyfi til að reka heimili/stofnun.*

Við fyrstu umsókn barnaverndarnefndar vegna tiltekins heimilis/stofnunar má Barnaverndarstofa veita leyfi til allt að eins árs.

Óski barnaverndarnefnd eftir endurnýjuðu leyfi er Barnaverndarstofu heimilt að veita það til allt að fimm ára í senn. Við afgreiðslu á endurnýjuðu leyfi metur Barnaverndarstofa hvaða gögn eru nauðsynleg.

## 42. gr.

*Leyfi til að reka annað úrræði.*

Leyfi til að reka annað úrræði skal veitt til eins árs í senn.

Óski barnaverndarnefnd eftir endurnýjuðu leyfi metur Barnaverndarstofa hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var gefið út.

## 43. gr.

*Ráðstöfun barns.*

Ef nauðsynlegt reynist að vista barn utan heimilis skal barnaverndarnefnd velja úrræði af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Barnaverndarnefnd

er óheimilt að vista barn fyrr en leyfi Barnaverndarstofu liggur fyrir nema ákvæði 44. gr. reglugerðarinnar eigi við.

Áður en barn fer í vistun gerir barnaverndarnefnd samning við rekstraraðila eða vistfor-eldri um vistun barnsins skv. 5. gr. reglugerðarinnar.

Barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns er skylt að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barnsins og því að vistun nái markmiði sínu. Vistun barns skal aldrei vara lengur en þörf krefur.

Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barnsins, svo sem að rifta samningi um vistun, ef í ljós kemur að meðferð barns á heimili/stofnun eða í öðru úrræði er óviðunandi eða aðstæður á heimilinu hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi þess sé tryggt.

#### 44. gr.

##### *Ráðstöfun barns til bráðabirgða.*

Í undantekningartilvikum getur vistun barns hafist áður en leyfi Barnaverndarstofu liggur fyrir. Á þetta einungis við þegar vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þykir augljóslega best borgið hjá einhverjum sem ekki hefur þá þegar fengið leyfi stofunnar.

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna Barnaverndarstofu tafarlaust um vistun skv. 1. mgr. Í tilkynningu skal koma fram:

- a. nafn og kennitala barns,
- b. nafn, kennitala og heimilisfang þess sem tekur við barninu, og
- c. á hvaða lagagrunni gripið er til ráðstöfunar.

Ef vistun barns hefst áður en leyfi er gefið út skv. 1. mgr. skal barnaverndarnefnd skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til Barnaverndarstofu eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hefst.

#### 45. gr.

##### *Breytingar á rekstri.*

Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna Barnaverndarstofu um allar meiri háttar breytingar sem kunna að verða á rekstri heimilis/stofnunar eða annars úrræðis meðan leyfi er í gildi, svo sem um breytt markmið og breytta staðsetningu.

#### 46. gr.

##### *Leyfissviptingar.*

Barnaverndarstofa getur svipt barnaverndarnefnd leyfi til að reka heimili ef umönnun barns er óhæfileg eða rekstri heimilis/stofnunar eða annars úrræðis ábótavant, eða ef um annars konar brot á reglugerð þessari er að ræða, enda sé sá frestur, sem stofan hefur veitt til úrbóta, liðinn án þess að bætt hafi verið úr því sem áfátt er.

#### 47. gr.

##### *Áminning.*

Ef Barnaverndarstofa sviptir barnaverndarnefnd leyfi til að reka heimili eða fær vitneskju um að rekið sé heimili/stofnun eða annað úrræði fyrir börn samkvæmt ákvæði 84. gr. barnaverndarlaga án þess að sótt hafi verið um leyfi, getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn og félagsmálaráðuneyti aðvart um slíka áminningu.

48. gr.

*Málskot.*

Ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingu og leyfissviptingu er unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

49. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 38. gr., 5. mgr. 84. gr., 2. mgr. 85. gr. og 2. mgr. 86. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. júlí 2004.*

**Árni Magnússon.**

---

*Hermann Sæmundsson.*

## SAMÞYKKT

### um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14.00. Falli reglulegur fundardagur á helgidag eða almennan frídag skal boða til aukafundar þann virkan dag á undan eða eftir sem næstur er.

Aðra aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun borgarstjóra, forsætisnefndar eða ef fimm borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundar-efni.

Heimilt er borgarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði samfelldt að sumarlagi. Á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar stendur fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella, sbr. þó 5. mgr. 51. gr.

2. gr.

1. málsliður 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjóri boðar til borgarstjórnarfundar skv. 5. gr.

3. gr.

8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá skal taka í þeirri röð sem að neðan greinir:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum borgarinnar svo og kosningu borgarstjóra.

2. Mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar, sbr. 4. gr., og forsætisnefnd, borgarstjóri eða einstakir borgarfulltrúar vilja taka á dagskrá. Ósk um slíkt, eftir atvikum með tillögu eða fyrirspurn, skal berast skrifstofustjóra borgarstjórnar skriflega eða með rafrænum hætti eigi síðar en kl. 12.00 tveimur virkum dögum fyrir fund.
3. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda, ráða og stjórna: Forsætisnefnd, félagsmálaráð, fræðsluráð, hafnarstjórn, íþrótt- og tómstundaráð, leikskólaráð, menningarmálanefnd, samgöngunefnd, skipulags- og byggingarnefnd og umhverfis- og heilbrigðisnefnd.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem borgarstjóri telur nauðsynlegt og við verður komið.

#### 4. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 9. gr. samþykktarinnar fellur brott.

#### 5. gr.

Ákvæði 11. gr. samþykktarinnar færast til og verður 3. mgr. 10. gr.

Ákvæði 12. gr. samþykktarinnar verða 11. gr.

#### 6. gr.

12. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. másl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um fjárhags- og starfsáætlun borgarstjórnar.
4. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
5. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, sem til hennar er vísað.
6. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig III. kafla.
7. Ákveður um móttökur á vegum borgarinnar.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óska að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða, og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

#### 7. gr.

20. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema borgarstjórn eða forseti ákveði

að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekin mál í fundargerð sem á dagskrá er verði gerð að sérstökum dagskrárlíð í framhaldi af þeirri fundargerð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

Áætlanir fyrir Reykjavíkurborg sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

b. 2. mgr. fellur brott.

#### 9. gr.

Við 27. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að taka til máls utan dagskrár, enda hafi hann ekki átt kost á því að fá málið sett á útsenda dagskrá í tæka tíð.

#### 10. gr.

29. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls en aðrir borgarfulltrúar tvisvar. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

#### 11. gr.

1. og 2. mgr. 30. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Við umræðu um mál skv. 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. má ræðutími vera allt að 30 mínútur. Ræðutími í síðari ræðu má vera allt að tíu mínútur; hið sama gildir um þriðju ræðu framsögumanns og síðari ræður borgarstjóra. Við umræður um fundargerðir skv. 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. er ræðutími takmarkaður við 5 mínútur. Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá skv. 2. mgr. 20. gr. og umræður utan dagskrár skv. 6. mgr. 27. gr. ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd má vera allt að ein mínúta. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp.

#### 12. gr.

31. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Svári ræðumaður andsvari er þeim, sem andsvar veitti, heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en 16 mínútur í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr. sé fyrir séð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.



Að jafnaði er forseta heimilt að leyfa borgarfulltrúa að veita andsvar við einni ræðu undir hverjum dagskrárlið.

13. gr.

2. mgr. 33. gr. samþykktarinnar fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

a. Í stað orðsins „sveitarsjóði“ í 1. mgr. kemur: borgarsjóði.

b. Í stað orðsins „Borgarstjórn“ í 3. mgr. kemur: Forsætisnefnd.

15. gr.

48. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs fulltrúa í borgarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir og leysir þá frá störfum ef því er að skipta samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og öðrum samþykktum borgarráðs. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfalls-kosningar ef einhver borgarfulltrúa óskar þess.

Framboðslista, sem fulltrúa á í borgarstjórn, er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs eða fastanefnda skv. 61. gr. með málfrelsi og til-lögurétt, enda eigi hann ekki fulltrúa í viðkomandi nefnd.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur vikið frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefnd-arsetu.

16. gr.

3. mgr. 49. gr. samþykktarinnar fellur brott.

17. gr.

6. mgr. 50. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega á fimmtudögum kl. 12.00. Aukafundi skal halda ef borgarstjóri ákveður það eða ef formaður borgarráðs eða tveir borgarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

18. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 5. gr.“ í 5. mgr. 51. gr. samþykktarinnar kemur: 3. mgr. 5. gr.

19. gr.

Við 2. mgr. 55. gr. samþykktarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Nefndir sem kosnar eru skv. B-lið 61. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

20. gr.

61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara. Formannskjör.
3. Fimm menn í íþróttá- og tómstundaráð og fimm til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í leikskólaráð og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í menningarmálanefnd og fimm til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í samgöngunefnd og fimm til vara. Formannskjör.
7. Sjö menn í skipulags- og byggingarnefnd og sjö til vara. Formannskjör.
8. Fimm menn í umhverfis- og heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.

21. gr.

62. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Til viðbótar við þær nefndir, sem borgarstjórn kýs skv. 61. gr., kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Þrjá menn í stjórn Landsvirkjunar og þrjá til vara.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Tvo menn í almannavarnanefnd.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjá menn í stjórn Fasteignastofu og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara. Formannskjör.
6. Þrjá menn í hvert hverfisráð og þrjá til vara. Formannskjör.
7. Þrjá menn í stjórn Höfuðborgarstofu og þrjá til vara. Formannskjör.
8. Þrjá menn í innkauparáð og þrjá til vara. Formannskjör.
9. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
10. Þrjá menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjá til vara.
11. Tvo menn í samstarfsnefnd um lögreglumálefni og tvo til vara. Formannskjör.
12. Þrjá menn í stjórn Skipulagssjóðs og þrjá til vara.
13. Tvo skoðunarmenn ársreiknings Reykjavíkurborgar og tvo til vara.
14. Þrjá menn í stjórn Vinnuskólans og þrjá til vara. Formannskjör.

**C. Kjörstjórnir við borgarstjórnarkosningar.**

Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara, þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá menn í hverja undirkjörstjórn.

**D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir.**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

Samþykkt þessi, sem sett er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar skv. 10. og 25. gr. sveit-  
arstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

*Lárus Bollason.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir Stykkishólshöfn.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólshöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

### II. KAFLI

#### Um hafnagjöld.

##### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Lestagjöld.

##### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

#### Bryggjugjöld.

##### 5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,60 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði. Geymsla annarra báta en áður eru taldir kr. 1.500 pr. mán.

Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggju er innheimt á ársgrundvelli, fyrirfram.

a) Legugjald kr. 45.641 ársgjald.

#### Vörugjöld.

##### 6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

##### 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltrögjald í fyrstu lestunarhöfn.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

## Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 173,50 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 360 fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolía, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
  - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
4. fl.: Gjald 1,60%.  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

### Sorpeyðing.

12. gr.

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

0-20 brt.	kr. 800	pr. mánuð
21-50 brt.	kr. 1.500	pr. mánuð
51-200 brt.	kr. 2.300	pr. mánuð
201 brt. og yfir	kr. 3.000	pr. mánuð
Ferjur	kr. 5.000	pr. mánuð

### Vatnssala.

13. gr.

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. mæli og er eftirfarandi:

Samkvæmt mæli	kr. 115	pr.tonn
0-20 brt.	kr. 1.000	pr. mánuð
21-50 brt.	kr. 2.500	pr. mánuð
51-100 brt.	kr. 5.000	pr. mánuð
101-200 brt.	kr. 10.000	pr. mánuð
Afgreiðslugjald að degi	kr. 2.645	
Afgreiðslugjald að nóttu	kr. 4.685	

### Vigtargjald.

14. gr.

Almenn vigtun kr. 190 fyrir hvert byrjað tonn. Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun kr. 345. Útkall vigtarmanns kr. 6.885. Yfirvinna vigtarmanns kr. 1.725 pr./klst. Yfirvinnugjald vegna vigtunar greiðist þegar vigtað er eftir kl. 19.00 mánudaga til föstudaga og á alla vigtun um helgar.

### Hafnsögu- og festargjöld.

15. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi:

a) Hafnsögugjald	kr. 3,96	á mælieiningu
b) Hafnsögugjald, fastagjald	kr. 1.442	
c) Hafnsögubátur	kr. 20.000	
d) Festargjald við komu	kr. 4.310	
e) Festargjald við brottför	kr. 4.310	

**Raforkusala.**

18. gr.

Raforkusala er innheimt skv. mæli 8,68 kr./kw.stund.

**Kranagjald.**

19. gr.

Kranagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

- |                 |                                      |
|-----------------|--------------------------------------|
| a) Kranagjald 1 | 240 kr. á tonn eða hvert byrjað tonn |
| b) Kranagjald 2 | 6.886 kr. lágmark á ári              |
| c) Kranagjald 3 | 2.295 kr. grásleppubátar pr. mánuð   |

**Hafnarverndargjald.**

20. gr.

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

- |                         |     |        |
|-------------------------|-----|--------|
| Fastagjald              | kr. | 15.000 |
| Öryggisgæsla:           |     |        |
| a) Dagvinna pr. klst.   | kr. | 3.200  |
| b) Næturvinna pr. klst. | kr. | 5.000  |

**Farþegagjald.**

21. gr.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Farþegagjald skemmtibáta skal vera kr. 50 fyrir fullorðinn og kr. 25 fyrir börn 12-16 ára.

**III. KAFLI****Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

17. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Þjónustugjöld í greinum 12 og 13 eru tekin að fullu ef þjónustudagar eru 10 eða fleiri í mánuði, undir 10 dögum hálf mánaðargjald. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24,5% vsk. að undanskilinni 21. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjaldkögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

18. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Stykkishólsmhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 19. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

## 20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

#### IV. KAFLI Gildistaka.

## 21. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 19. júlí 2004 og bæjarráði þann 28. júlí 2004 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. ágúst 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn frá 1. júlí 2003.

*Stykkishólmi, 28. júlí 2004.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Austur-Héraði.

*Blómvangur 2, Egilsstöðum.*

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 16. júní 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarlóð að Blómvangi nr. 2 á Egilsstöðum, efra svæði.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Egilsstöðum, 23. júlí 2004.*

**Dórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri.

#### *Klettaborg.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. júní 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettaborg 16-32. Breytingin felst í því að tvö austustu húsin á lóð B, sem áformuð voru sem tveggja hæða raðhús með samtals 9 íbúðum, verða fjölbýlishús með samtals 16 íbúðum, þar sem íbúðir á efri hæð sam- einast tvær og tvær um útitröppur. Vegna fjölgunar íbúða eru felldir niður byggingarreitir fyrir bílskúra og bílastæðum fjölgað um 10, þ.e. úr 20 stæðum í 30. Byggingarreitir sjálfra húsanna dýpka úr 8 m í 10,5 m.

#### *Orlofshúsabyggð í Búðargili.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 10. desember 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi orlofshúsabyggðar í Búðargili. Breytingin felst í því að mænishæð orlofshúsa á orlofshúsasvæði í Búðargili austan við Þórunnarstræti, verði 4,7 m í stað 5 m.

#### *Sandgerðisbót.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. júní 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Sandgerðisbót. Breytingin felst í því að bætt er við einni lóð, nr. 31 við Óseyri, og er hún ætluð undir verbúð. Verbúðin verði með sama lagi og þær sem fyrir eru á lóðum nr. 21-29 að öðru leyti en því að hún verður styttri vegna landslagsaðstæðna.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 22. júlí 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalm,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði.

#### *Reykjanesbraut: frá Fjarðarhrauni að Ásbraut.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Reykjanesbraut“ frá Fjarðarhrauni að Ásbraut. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.



*Kaplakriki, skipulagsreitur 3.2.3: Íþróttasvæði FH og Reykjanesbrautar frá Álftanesvegi að Fjarðarhrauni og Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Reykjanesbraut.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kaplakrika“ skipulagsreit 3.2.3 vegna íþróttasvæðis FH og Reykjanesbrautar frá Álftanesvegi að Fjarðarhrauni og Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Reykjanesbraut. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavíkurvegur-Arnarhraun, gatnamót.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 2004 deiliskipulag fyrir „Gatnamót Reykjavíkurvegar – Arnarhrauns“. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 28. júlí 2004.*

**Bjarki Jóhannesson,**  
sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.

#### 1. gr.

Í stað 3. og 4. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar kemur nýr töluliður, 3. tölul., og breytist númeraröð annarra töluliða samkvæmt því. Verður 3. tölul. svohljóðandi:

13% vörugjald:

- a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
- c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
- d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
- e. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- f. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- h. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

#### 2. gr.

7. tölul. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 5. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 23. júlí 2004.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag að Fossvegi 8 og 10 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 23. júní 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar Fossvegur 8 og 10 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 23. febrúar 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 21. apríl 2004 til og með 19. maí 2004 með athugasemdafresti til og með 2. júní 2004.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 10. ágúst 2004,*

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar,

**Grétar Zóphaniasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. apríl 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs og norðvesturs og íbúðum fjölgað.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 3. ágúst 2004.*

F.h. Akureyrabæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags og byggingarfulltrúi.

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, dags. 31. mars 1999 og tók gildi hinn 1. júní sama ár. Nýjar brautalýsingar aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari koma í stað texta á bls. 59 – 182 í brautalýsingum sérstakrar útgáfu aðalnámskrár framhaldsskóla sem gefin var út í kjölfar framangreindrar auglýsingar og í stað breyttra brautalýsinga skv. auglýsingum nr. 1004/2001, 54/2002, 55/2002, 170/2002, 716/2002, 71/2003, 305/2003, 306/2003, 307/2003, 343/2003, 411/2003, 499/2003 og 777/2003, sem falla þar með úr gildi skv. auglýsingu þessari. Með breyttri útgáfu af gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, skv. auglýsingu nr. 138/2004, féll einnig úr gildi auglýsing nr. 403/2000.

### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 20. júlí 2004.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Valur Árnason.*

## Fylgiskjal.

### Aðalnámskrá framhaldsskóla – brautalýsingar.

#### **Inngangur**

Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999 og kom hún til framkvæmda frá og með skólaárinu 1999-2000. Einstakir skólar fengu þó heimild til að fresta framkvæmdinni um eitt ár. Námskráin átti því að vera komin að fullu til framkvæmda í öllum skólum að loknu skólaárinu 2003-2004.

Árið 1999 var gefinn út, samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, almennur hluti námskrár fyrir bóknám sem lýkur með stúdentsprófi og listnám. Námskrár fyrir starfsnám sem birtar voru í þeirri útgáfu voru frá því fyrir setningu laganna 1996. Þær hafa verið endurskoðaðar jöfnum höndum og breytingum bætt við aðalnámskrá framhaldsskóla með sérstakri auglýsingu í Stjórnartíðindum hverju sinni.

Á þeim tíma sem liðið hefur frá útgáfu námskrárinnar hafa verið teknar ákvarðanir um nokkur atriði sem ekki voru að fullu frágengin eða þörf var á að breyta. Auk þess hafa nýjar námskrár í tilteknum greinum starfsnáms verið gefnar út. Slíkar breytingar hafa verið tilkynntar með auglýsingu hverju sinni. Vegna þessara breytinga var orðið tímabært að endurskoða almennan hluta námskrárinnar þannig að hann lýsti námi og námsframboði í framhaldsskóla eins það er í raun.

Endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla, almenns hluta, er nú lokið og er ný útgáfa birt í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti, tók gildi í febr-

úar 2004. Þar er fjallað um helstu þætti í starfsemi framhaldsskóla og meginviðmið sem skólar þurfa að fylgja í starfi sínu. Síðari hlutinn, aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingar, birtist hér. Hann hefur að geyma lýsingar á einstökum námsbrautum framhaldsskóla og verður gefinn út á vefsvæði ráðuneytisins auk þess sem hann er birtur í Stjórnartíðindum. Áfangalýsingar er eftir sem áður að finna í sérnámskrám fyrir einstakar námsgreinar eða námsbrautir.

Flestar brautir í þessari útgáfu námskrár framhaldsskóla eru óbreyttar frá fyrri námskrá. Texti hefur þó verið yfirfarinn og leitast var við að einfalda og skerpa framsetningu brautalýsinga.

Meðal breytinga á aðalnámskrá framhaldsskóla – brautalýsingum, 2004, eru þessar helstar:

- Námi á félagsfræðabraut hefur verið breytt á þann veg að fjöldi eininga í ensku er aukinn, en einingum í samfélagsgreinum samkvæmt ákvörðun skóla fækkað að sama skapi. Þetta er m.a. gert til að einfalda framkvæmd samræmdra prófa.
- Á kjörsviði félagsfræðabrautar eru settar inn viðskiptagreinar samkvæmt ákvörðun skóla. Í staðinn falla brott rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Þessi breyting felur í sér að einstakir skólar hafa meira svigrúm varðandi framboð námsgreina á sviði fjármála- og verslunargreina. Auk þess er heimspeki bætt á kjörsviðslista félagsfræðabraut.
- Lífeðlisfræði og næringarfræði hefur verið bætt inn sem kjörsviðsgrein á náttúrufræðibraut.
- Nám í almennum bóklegum greinum í starfsnámi hefur verið samræmt. Námsgreinin lífsleikni er nú á öllum starfsnámsbrautum, oftast í stað samfélagsgreina.
- Lýsingar náms á starfsnámsbrautum hafa verið samræmdar eftir því sem unnt er. Almennar greinar eru flokkaðar saman, þá sérgreinar brautar eða faggreinar og svo vinnustaðanám eða starfsþjálfun.
- Allt nám á starfsnámsbrautum hefur verið magnsett, jafnt vinnustaðanám sem skólanám. Umfang vinnustaðanáms er sett fram í vikum og jafngildir ein vika í einingu.
- Vakin er athygli á því að samþykkt hefur verið ný námskrá fyrir matvæla- og veitingagreinar.
- Nokkrar starfsnámsbrautir eru nú taldar í fyrsta sinn í aðalnámskrá framhaldsskóla: Námsbrautir í húsgagnabólstrun, tannsmíði, skósmíði, mjólkuriðn, útstillingum, málm-suðu, leiðsögunámi og skipstjórn fyrir 30 rúmlesta báta. Ennfremur fjórar nýjar starfsnámsbrautir á matvæla- og veitingasviði, þ.e. námsbrautir í kjötskurði og smurbrauði auk náms fyrir aðstoðarkokka og aðstoðarþjóna.
- Úr aðalnámskrá falla fiskiðnaðarbraut, sjávarútvegsbraut og uppeldisbraut.
- Fjallað er sérstaklega um mat á óformlegu námi og starfsreynslu í almennum hluta námskrárinnar.
- Sett hafa verið inn skýrari ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir nemendur í starfsnámi og nemendur í listnámi.

Ný útgáfa aðalnámskrár framhaldsskóla 2004 felur ekki í sér breytingu á þeirri menntastefnu sem mörkuð var með útgáfunni 1999.

Breytingar sem gerðar verða á skipulagi og inntaki einstakra námsbrauta hér eftir verða fyrst og fremst birtar á vefsvæði ráðuneytisins en þær munu jafnframt tilkynntar skólum með dreifibréfi um leið og þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

**Námsbrautir****Námsbrautir til stúdentsprófs:**

		Tannsmíði	TS
Félagsfræðabraut	FÉ	Tanntæknabraut	TT
Málabraut	MB		
Náttúrufræðibraut	NÁ	<i>Hönnunar- og handverksgreinar:</i>	
Upplýsinga- og tæknibraut	UT	Gull- og silfursmíði	GS9
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	VSS	Handiðabraut	LI
		Kjólásamur	KJ8
		Klæðskurður	KL8
		Skósmíði	SÐ9
		Söðlasmíði	SÖ9
		Tækniteiknun	TÆ
		Útstillingabraut	ÚTS

**Listnám**

Listnámsbraut	LN		
		Útstillingabraut	ÚTS

**Almenn námsbraut**

AN	Útstillingabraut	ÚTS
----	------------------	-----

**Sérdeildir:**

Starfsbraut 1 og 2	ST1	<i>Matvæla- og veitingagreinar:</i>	
Starfsbraut 3 og 4	ST3	Grunnnám matvælagreina	GMV
		Bakaraíðn	BA9
		Framreiðsla	FR9
		Hússtjórnarbraut	HB
		Kjötiðn	KÖ9
		Kjötskurður	KSK
		Matartækni	MT
		Matreiðsla	MA9
		Matsveinanám	MS
		Mjólkuriðn	MJ9
		Nám fyrir aðstoðarkokka	AK
		Nám fyrir aðstoðarþjóna	AÞ
		Slátrun	SL
		Smurbrauðsnám	SB

**Starfsnám:***Bygginga- og mannvirkjagreinar:*

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM		
Húsasmíði	HÚ8		
Húsgagnabólstrun	HB9		
Húsgagnasmíði	HS8		
Málaraiðn	MÁ9		
Múraraiðn	MR8		
Pípulagnir	PL9		
Veggfóðrun og dúkalögn	VD9		

*Farartækja- og flutningsgreinar:*

Grunnnám bíliðna	GB	<i>Málm-, véltækni og framleiðslugreinar:</i>	
Bifreiðasmíði	BS8	Málmsuða	MÐ8
Bifvélavirkjun	BV8	Grunnnám málmiðngreina	MG
Bílamálun	BM8	Blikksmíði	BL8
		Rennismíði	RS8
		Stálsmíði	SM8
		Vélvirkjun	VS8
		Netagerð	NG9

*Fjármála- og verslunargreinar:*

Viðskiptabraut	VI		
----------------	----	--	--

*Heilbrigðis- og félagsgreinar:*

Félagslíðabraut	FL	<i>Náttúrunýting:</i>	
Hjúkrunar- og móttökuritarabraut	HM	Ferðamálanám	FE
Lyfjatæknabraut	LT	Leiðsögunám	LE
Læknaritarabraut	LÆ	<i>Rafiðngreinar:</i>	
Námsbraut fyrir nuddara	NN	Grunnnám rafiðngreina	GR
Sjúkraliðabraut	SJ	Rafeindavirkjun	RE8
Framhaldsnám sjúkraliða	SF	Rafveituvirkjun	RT9
		Rafvélavirkjun	RV8

Rafvélavirkjun	RV9	Húsgagnasmíði	MHS
Rafvirkjun	RK8	Málaraiðn	MMÁ
Rafvirkjun	RK9	Múraraiðn	MMR
Símsmíði	SI9	Pípulagnir	MPL
		Veggfóðrun og dúkalögn	MKO
<i>Sjávarútvegs- og siglingagreinar:</i>		<i>Farartækja- og flutningsgreinar:</i>	
Skipstjórnarbraut, 30 rúml.	S30	Bifreiðasmíði	MBS
Skipstjórnarbraut, 1. stig	SK1	Bifvélavirkjun	MBV
Skipstjórnarbraut, 2. stig	SK2	Bílamálun	MBM
Skipstjórnarbraut, 3. stig	SK3		
Vélstjórnarbraut, 1. stig	VV1	<i>Hönnunar- og handverksgreinar:</i>	
Vélstjórnarbraut, 2. stig	VV2	Kjólasaumur	MKJ
Vélstjórnarbraut, 3. stig	VV3	Klæðskurður	MKL
Vélstjórnarbraut, 4. stig	VV4	Skósmíði	MSM
		<i>Matvæla- og veitingagreinar:</i>	
<i>Snyrtigreinar:</i>		Bakaraiðn	MBA
Hársnyrtiðn	HG9	Framreiðsla	MFR
Snyrtifræði	SN8	Kjötiðn	MKÖ
		Matreiðsla	MMA
<i>Tölvunám:</i>		<i>Málm-, véltækni og framleiðslugreinar:</i>	
Tölvufræðibraut	TFB	Blikksmíði	MBL
		Rennismíði	MRS
<i>Uppeldis- og tómstundagreinar:</i>		Stálsmíði	MSS
Félagsmála- og		Vélvirkjun	MVS
tómstundabraut	FT		
Íþróttabraut	ÍÞ	<i>Náttúrunýting:</i>	
Skólalíðabraut	SK	Skrúðgarðyrkja	MSG
Námsbraut fyrir leiðbein-		<i>Rafiðngreinar:</i>	
endur í leikskólum	LL	Rafeindavirkjun	MRE
Námsbraut fyrir stuðnings-		Rafvirkjun	MRA
fulltrúa í grunnskólum	SG	Rafvélavirkjun	MRV
<i>Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:</i>		<i>Snyrtigreinar:</i>	
Grunnnám upplýsinga- og		Hársnyrtiðn	MHÁ
fjölmiðlagreina	GUF	Snyrtifræði	MSN
Bókasafnstækni	BT	<i>Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:</i>	
Bókband	BÓ8	Bókband	MBÓ
Fjölmiðlataekni	FM	Prentsmíð	MPS
Ljósmyndun	LM8	Prentun	MPR
Nettækni	NT	<i>Fámennar iðngreinar:</i>	
Prentsmíð	PS8	Gull- og silfursmíði	MGS
Prentun	PR8	Ljósmyndun	MAL
Veftækni	VT	Netagerð	MNG
		Rafveituvirkjun	MRF
<b>Nám til iðnmeistaraprófs:</b>		Símsmíði	MSS
<i>Bygginga- og mannvirkjagreinar:</i>		Tannsmíði	MTA
Húsasmíði	MHÚ	Úrsmíði	MÚR
Húsgagnabólstrun	MHB		

**Námsbrautir til stúdentsprófs.****Félagsfræðabraut (FÉ)****140 ein.**

Meginmarkmið náms á félagsfræðabraut er að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda. Meðalnámstími er 8 annir og náminu lýkur með stúdentsprófi.

**Kjarni****98 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103 263/203	6 ein.
Erlend tungumál		33 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403 503	
Danska	DAN <sup>1</sup> 103 203	
3. erl. mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar		24 ein.
Félagsfræði	FÉL 103 203	
Landafræði	LAN 103	
Saga	SAG 103 203 303	
Samfélagsgreinar samkv. ákvörðun skóla		6 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	9 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÐR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

**Kjörsvið****30 ein.**

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í samfélagsgreinum í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar félagsfræðabrautar eru:

Félagsfræði	FÉL 303 313 403 503
Fjölmiðlafræði	FJÖ 103 203 213 303
Heimspæki	Samkvæmt ákvörðun skóla
Íslenska	ÍSL 603 613 703 713
Landafræði	LAN 203 303
Saga	SAG 313 403 413 503
Sálarfræði	SÁL 103 203 303
Stærðfræði	STÆ 313 303/363 413 403/463 503
Uppeldisfræði	UPP 103 203 303
Viðskiptagreinar	Samkvæmt ákvörðun skóla

Skóli getur bætt við áföngum í ofanefndum greinum sbr. það sem segir um áfangalýsingar í almennum hluta aðalnámsskrár framhaldsskóla.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á félagsfræðabraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

**Frjálst val nemanda****12 ein.**

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

**Málabraut (MB)****140 ein.**

Meginmarkmið náms á málabraut er að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á erlend tungumál. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði málvísinda og þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu. Meðalnámstími er 8 annir og náminu lýkur með stúdentsprófi.

**Kjarni****98 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103 263	6 ein.
Erlend tungumál		48 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403 503	
Danska	DAN <sup>1</sup> 103 203 303	
3. erl. mál	103 203 303 403 503	
4. erl. mál	103 203 303	
Samfélagsgreinar		9 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103 203	
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	9 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

**Kjörsvið****30 ein.**

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í tungumálum í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar málabrautar eru:

Danska/norska/sænska	DAN 403 503 603
Enska	ENS 603 703 803
Franska	FRA (403 503) 603 703 803
Íslenska	ÍSL 603 613 703 713
Latína	Samkvæmt ákvörðun skóla
Spænska	SPÆ (403 503) 603 703 803
Stærðfræði	STÆ 313 363 413 463
Þýska	ÞÝS (403 503) 603 703 803
Tungumál skv. vali skóla	

Skóli getur bætt við áföngum í ofan nefndum greinum sbr. það sem segir um áfangalýsingar í almennum hluta aðalnámsskrár framhaldsskóla.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á málabraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.



**Frjálst val nemanda****12 ein.**

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

**Náttúrufræðibraut (NÁ)****140 ein.**

Meginmarkmið náms á náttúrufræðibraut er að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggjast á góðri undirstöðu í náttúruvísindum, s.s. heilbrigðisgreinum og landbúnaðarfræðum. Meðalnámstími er 8 annir og náminu lýkur með stúdentsprófi.

**Kjarni****98 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103 203 303 403 503	15 ein.
Erlend tungumál		27 ein.
Enska	ENS 103 203 303	
Danska	DAN <sup>1</sup> 103 203	
3. erl. mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar		9 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103 203	
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúrufræði		21 ein.
Eðlisfræði	EÐL 103	
Efnafræði	EFN 103	
Jarðfræði	JAR 103	
Líffræði	LÍF 103	
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

**Kjörsvið****30 ein.**

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í náttúrufræðigreinum og stærðfræði í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar náttúrufræðibrautar eru:

Eðlisfræði	EÐL 203 303 403
Efnafræði	EFN 203 303 313
Jarðfræði	JAR 113 203 213
Landfræði	LAN 103 203 303
Lífeðlisfræði	Samkvæmt ákvörðun skóla
Líffræði	LÍF 113 203 303
Næringarfræði	Samkvæmt ákvörðun skóla
Stærðfræði	STÆ 313 513 523 603 703
Tölvufræði	TÖL 103 113 203 303

Skóli getur bætt við áföngum í ofan nefndum greinum sbr. það sem segir um áfangalýsingar í almennum hluta aðalnámsskrár framhaldsskóla.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á náttúrufræðibraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

### Frjálst val nemanda

**12 ein.**

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

### Upplýsinga- og tæknibraut (UT)

**140 ein.**

Upplýsinga- og tæknibraut er boðin fram sem tilraunaverkefni að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Brautarlýsingin, sem hér er birt, getur því tekið breytingum eftir framvindu verkefnisins. Brautinni er ætlað að veita nemendum fræðilega og verklega innsýn í tæknifræði, verkfræði og tölvunarfræðigreinar. Brautinni er þannig ætlað að mæta námsþörfum nemenda sem hafa sérstakan áhuga á tækni og verkfræðilegum úrlausnum verkefna en hyggja ekki á iðnnám í tæknigreini. Brautinni er einnig ætlað að vera heppilegur undirbúningur að námi á háskólastigi í tæknigreinum, verkfræði eða tölvunarfræðigreinum. Meðalnámstími á upplýsinga- og tæknibraut er 8 annir.

### Kjarni

**95 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103 203 303 313 403	15 ein.
Erlend tungumál		15 ein.
Enska	ENS 103 203 303	
Danska	DAN <sup>1</sup> 103 203	
Samfélagsgreinar		6 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103	
Náttúrufræði		12 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	
Eðlisfræði	EDL 103	
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Sérgreinar brautar		21 ein.
Verklagsfræði	VRF 103 203	
Tölvustudd hönnun	THÖ 103 203	
Hugbúnaðarfræði	HUB 103	
Rauntækni	RTÆ 103	
Upplýsinga- og samskiptafræði	USF 103	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

### Kjörsvið

**33 ein.**

Kjörsvið upplýsinga- og tæknibrautar felur í sér sérhæfingu á tæknisviðum í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar brautarinnar eru:

- Hugbúnaðarfræði
- Rauntækni
- Stærðfræði
- Upplýsinga- og samskiptafræði

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar. Samanlagt nám í grein skal á kjörsviði og í kjarna vera að lágmarki 9 einingar. Skólinn ákveður áfangalýsingar á kjörsviði.

Nemandi á upplýsinga- og tæknibraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Samanlagt nám í valgrein á kjörsviði og í kjarna skal vera að lágmarki 9 einingar.

### Frjálst val nemanda

**12 ein.**

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla. Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

### Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS)

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skal heildarnám nemenda verða eins og tilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, kafla 4.4.2.

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut framhaldsskóla eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum.

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut skulu bæta við sig námi samkvæmt því sem segir í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, kafla 4.4.2 í lið a. eða lið b.1.

### Listnám.

#### Listnámsbraut (LN)

**105 ein.**

Með námi á listnámsbraut er lagður grunnur að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut en nemendur, sem þess óska, geta bætt við sig einingum í bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi.

#### Kjarni

**51 ein.**

Íslenska	ÍSL 103 203 303	9 ein.
Stærðfræði	STÆ 103	3 ein.
Erlend tungumál		12 ein.
Enska	ENS 103 203	
Danska	DAN <sup>1</sup> 103 203	
Samfélagsgreinar		6 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103	
Listir og menning	LIM 103 113 203	9 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103	3 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 2	6 ein.

**Kjörsvið****45 ein.**

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum í samræmi við markmið brautarinnar. Unnt er að velja á milli sex kjörsviða en skólar geta, með samþykki menntamálaráðuneytis, skipulagt sjónlistakjörsviðin, þ.e. myndlistarkjörsvið og hönnunarkjörsviðin, með öðrum hætti en hér greinir. Kjörsvið listnámsbrautar eru:

<b>Dans</b>	Sjá námskrá Listdansskóla Íslands
<b>Almenn hönnun</b>	
Sjónlistir	SJL 103 203
Almenn hönnun	AHL 103 113 123 133 143 203 213 303 403 503
Almenn hönnun; saga	AHS 103 203 303
<b>Handverkshönnun</b>	
Sjónlistir	SJL 103 203
Textíl- og fatahönnun	THL 103 112 122 136 143 203 212 303 406
Almenn hönnun; saga	AHS 103 203 313
<b>Margmiðlunarhönnun</b>	
Sjónlistir	SJL 103 203
Margmiðlunarhönnun	MHL 103 203 213 304 313 323 333 403 504
Margmiðlunarhönnun; saga	MHS 103 203 304
<b>Myndlist</b>	
Sjónlistir	SJL 103 203
Myndlist	MYL 103 202 212 222 233 303 314 403 504 603
Myndlist; saga	MYS 103 203 304
<b>Tónlist</b>	Sjá aðalnámskrá tónlistarskóla.

**Frjálst val nemanda****9 ein.**

Nemandi velur 9 einingar af námsframboði viðkomandi skóla. Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

**Almenn námsbraut (AN)**

Nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans geta innritast á almenna námsbraut.

Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við önnur viðfangsefni í námi, að hluta til að eigin vali.

Nemendur geta innritast á almenna námsbraut með mismunandi þarfir í huga. Suma þeirra vantar ef til vill aðeins herslumun í kjarnagreinum til þess að geta haldið áfram námi á öðrum brautum innan skólans en aðrir þurfa að bæta verulega við sig eftir nám í grunnskóla til þess að geta haldið áfram námi.

Námið getur tekið eitt til tvö ár og miðast við þarfir einstakra nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma til móts við þær. Hver skóli skipuleggur nám á almennri námsbraut og skilgreinir í skólanámskrá. Ekki eru skilgreind inntökuskilyrði á brautina en mikilvægt er að nemendum standi til boða öflug náms- og starfsráðgjöf.

**Sérdeildir.****Starfsbraut 1 og 2 (ST1)****Tveggja ára námsbraut**

Námið er einkum ætlað nemendum sem hafa, þrátt fyrir töluverða námsaðstoð í efstu bekkjum grunnskóla, fallið í öllum greinum á samræmdum lokaprófum úr grunnskóla eða fengið undanþágu frá námi eða prófum í grein eða greinum.

**Markmið námsins eru**

- að styðja nemandann til aukins þroska við að finna sér nám og/eða starf við hæfi,
- að aðstoða nemandann við að finna sterkar hliðar sínar og að takast á við þær veiku og hjálpa þannig til við að efla sjálfstraust hans og ábyrgð á eigin lífi,
- að veita nemandanum menntun sem nýtist í daglegu lífi og tómstundum,
- að veita nemandanum þjálfun í einföldum störfum á almennum vinnumarkaði,
- að auka reynslu, þekkingu og færni nemandans til að takast á við viðfangsefni fullorðinna í daglegu lífi.

**Kennsla skal byggð á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling, byggðri á markmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla og upplýsingum um þarfir nemanda og mati á stöðu hans í námi og þroska.**

**Helstu námsþættir:**

1. **Bóklegar greinar:** Kjarnagreinar í bóklegu námi eru íslenska, stærðfræði, enska og námsgrein að vali skóla.
2. **Samfélagsgreinar:** Í samfélagsfræði skal fjallað um helstu stofnanir íslensks samfélags, stjórnmalaflokka, kosningar o.fl.
3. **Verk- og listgreinar:** Námsframboðið í þessum flokki fer eftir aðstöðu í skólum og er því mismunandi frá einum skóla til annars. Dæmi: handmennt, matreiðsla, málm-smíði, myndmennt, rafmagnsfræði, skrift, skyndihjálp, tölvufræði, trésmíði.
4. **Starfsnám í skóla og á vinnustað:** Misjafnt er eftir aðstöðu í skólum hversu mikill hluti starfsnáms fer fram innan veggja skóla. Þar sem kennsluástaða til verknáms í skóla er góð getur allt eða nánast allt starfsnám farið fram innan veggja hans, annars staðar fer það fram úti á vinnumarkaði undir umsjá skóla.
5. **Heilsurækt og heilbrigðisgreinar:** Allir nemendur skulu fá kennslu í heilbrigðisfræði og íþróttum.

**Samstarf við foreldra er mjög mikilvægt.**

**Starfsbraut 3 og 4 (ST3)****Tveggja ára námsbraut**

Námið er einkum ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og fengið námsmat samkvæmt 48. gr. grunnskólalaga. Gert er ráð fyrir að nemendur á starfsbraut 3 hafi náð nokkru valdi á frumatriðum í lestri og ritun.

**Markmið námsins eru**

- að stuðla að alhliða þroska nemandans,
- að auka sjálfstæði nemandans í daglegu lífi og örva hann til sjálfstæðrar ákvörðunar-töku,
- að nemandinn öðlist þekkingu og leikni til að stunda einföld störf á vernduðum eða almennum vinnustað,
- að veita menntun sem nýtist í daglegu starfi og tómstundum,

- að auka reynslu, þekkingu og færni nemandans til að takast á við viðfangsefni fullorðinna í daglegu lífi.

### Helstu námsþættir:

- verk- og listgreinar,
- bóklegar greinar,
- samfélagsgreinar,
- heilsurækt og heilbrigðisgreinar,
- vinnustaðanám.

**Kennsla skal byggð á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling, byggðri á markmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla og upplýsingum um þarfir nemanda og mati á stöðu hans í námi og þroska.**

1. Í **verk- og listgreinum** getur verið um að ræða val nemenda út frá möguleikum skóla, t.d. matreiðsla, myndlist, tónlist, leiklist, handmennt, tölvunám o.fl.
2. Í **bóklegum greinum** er áhersla lögð á þjálfun í íslensku, samskiptum og tjáningu, lestri og ritun og stærðfræði daglegs lífs sem geri nemendur sem mest sjálfbjarga við búsetu og heimilishald.
3. **Samfélagsgreinar** skiptast í nokkra þætti: samfélagið nær og fjær, vettvangsferðir, umfjöllun um eigin tilfinningar og annarra, hugtök s.s. vinátta, ást, kynlíf o.fl. Einföld spil eru kennd og reglur þeim tengdar. Sú lestrar- og skriftarkunnátta, sem nemandi býr yfir, er nýtt til að efla sjálfstæði hans og sjálfstraust.
4. **Heilsurækt og heilbrigðisgreinar:** Allir nemendur skulu fá kennslu í heilbrigðisfræði og íþróttum. Í heilbrigðisfræði er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á nauðsyn heilsuverndar og hreinlætis og þeir hvattir til að bera ábyrgð á eigin hreinlæti. Frætt er um lífshætti s.s. hreyfingu, mataræði, kynlíf og hollar lífsvenjur.
5. **Starfsnám** í skóla tekur til mannlegra samskipta á vinnustað og réttinda og skyldna á vinnumarkaði. Á vinnustað læri nemendur að þekkja áhöld, þjálfist í að raða og fleira er við kemur vinnuferli.

**Samstarf við foreldra er mjög mikilvægt.**

### Starfsnám.

#### Bygginga- og mannvirkjagreinar.

#### Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)

**20 ein.**

Grunnnámið veitir almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bygginga- og mannvirkjagreinum, þ.e. húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraiðn, pípulögnum og veggfóðrun/dúkalögn. Meðalnámstími er ein önn í skóla.

#### Almennar greinar

**5 ein.**

Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Lífsleikni	LKN 101 111	2 ein.
Íþróttir	ÍÐR 101	1 ein.

<b>Sérgreinar</b>		<b>15 ein.</b>
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

**Húsasmíði (HÚ8) 172 ein.**

**Iðnnám á verknámsbraut**

Húsasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, samtals fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Meginmarkmið með námi í húsasmíði er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjajaiðnaði hvort sem er verkstæðis- og innrétt-ingavinna, úti- og innivinna á byggingastað eða viðgerða- og breytingavinna. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

<b>Almennar greinar</b>		<b>24 ein.</b>
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN <sup>1</sup> 102 ENS 102	
	+ 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

**Sérgreinar 76 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gluggar og útihurðir	GLU 104	4 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Húsaviðgerðir og breytingar	HÚB 102	2 ein.
Inniklæðningar	INK 102	2 ein.
Innréttingar	INR 106	6 ein.
Lokaverkefni í húsasmíði	LHÚ 104	4 ein.
Steinsteypuvirki - húsasmíði	SVH 102	2 ein.
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði	TEH 103 203 303	9 ein.
Timburhús	TIH 10A	10 ein.
Trésmíði	TRÉ 109	9 ein.
Tréstigar	TRS 102	2 ein.
Tölvustýrðar trésmíðavélar	TST 101	1 ein.
Útveggjaklæðningar – húsasmíði	ÚVH 102	2 ein.
Véltrésmíði	VTS 103	3 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

**Starfsþjálfun 72 vikur 72 ein.**

**Húsgagnabólstrun (HB9)**

Húsgagnabólstrun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár. Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni iðngreinarinnar sem eru einkum fólgin í að bólstra og klæða ný og notuð húsgögn, lausa veggj, skil-

rúm o.þ.h. og klæða innréttingar í bifreiðum. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistararéttinda. Skipulag námsins er í athugun. Nánari upplýsingar fást í menntamálaráðuneytinu, námskrárdeild.

### Húsgagnasmíði (HS8)

172 ein.

#### Iðnnám á verknámsbraut

Húsgagnasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, samtals fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni iðngreinarinnar, þ.e. að smíða, endurnýja og gera við húsgögn, innréttingar, hurðir, glugga, tréstiga m.m. og sinna fjölbreyttri sérsníði úr gegnheilu tré og plötuefni. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

#### Almennar greinar

24 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN <sup>1</sup> 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

#### Sérgreinar

76 ein.

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gluggar og útihurðir	GLU 104	4 ein.
Grunntekning	GRT 103 203	6 ein.
Húsgagnaviðgerðir	HGV 102	2 ein.
Inniklæðningar	INK 102	2 ein.
Innréttingar	INR 106	6 ein.
Lita- og formfræði	LIF 102	2 ein.
Lokaverkefni í húsgagnasmíði	LHG 106	6 ein.
Plötu- og grindarhúsgögn	PLG 106	6 ein.
Sethúsgögn	SET 104	4 ein.
Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði	TEH <sup>2</sup> 103 THG 203 303	9 ein.
Trésmíði	TRÉ 109	9 ein.
Tréstigar	TRS 102	2 ein.
Tölvustýrðar trésmíðavélar	TST 101	1 ein.
Véltrésmíði	VTS 113	3 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

#### Starfsþjálfun 72 vikur

72 ein.

### Málaraiðn (MÁ9)

176 ein.

#### Samningsbundið iðnnám

Málaraiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, samtals fjórar annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun. Meginmarkmið með námi í málaraiðn er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við alla algenga verkþætti iðngreinarinnar, allt frá mati á ástandi flatar og þar til æskilegri loka-



áferð er náð. Einnig að útfæra ýmsa sérhæfða verkþætti eins og sandspörtlun bygginga, skrautmálun ýmiss konar, skiltagerð og ýmsar útfærslur á eldra handverki s.s. málun marmara- og viðarlíkinga. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

<b>Almennar greinar</b>		<b>23 ein.</b>
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN <sup>1</sup> 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.
<b>Sérgreinar</b>		<b>57 ein.</b>
Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Eldri málningaraðferðir	ELM 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Innimálun	INM 106 202 302	10 ein.
Lita- og formfræði	LIF 102 202 302	6 ein.
Lokaverkefni í málaraiðn	LMÁ 102	2 ein.
